


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS	Textíl og búningasaga TLB 102	
Síða 1 af 2		

Kennarar	Halldóra Björg Sævarsdóttir Helga Björg Jónasardóttir	Sk.st. HBS HBJ	Viðtalstímar: Mánudaga kl. 9:30-9:50 Miðvikudaga kl. 9:40-10:20
-----------------	--	---	---

Áfangalýsing:

Í áfanganum fá nemendur innsýn í textíl- og búningasögu mannsins frá upphafi fram á okkar daga og gera sér grein fyrir hvaða áhrif veðurfar, stjórnámál, tækniframfarir og tíska hefur á manninn. Nemendur fá einnig innsýn í verkmenningu mannsins í ólíkum menningarsamfélögum frá tímum píramídanna og fram á 21. öldina. Lögð er áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir hvaða áhrif gróður og veðurfar hefur á gerð bygginga, fatnaðar og annara hluta sem ætlaðir eru til almennra nota í manngerðu umhverfi.

Markmið:

- að nemendur fái innsýn í textíl- og búningasögu mannsins frá upphafi fram á okkar daga.
- að nemendur fái innsýn í verkmenningu mannsins í ólíkum menningarsamfélögum fram á 21. öldina.
- að nemendur geri sér grein fyrir því hvaða áhrif gróður og veðurfar hefur á gerð bygginga, fatnaðar og annarra hluta sem ætlaðir eru til almennra nota í manngerðu umhverfi.

Námsgögn:

Efni frá kennara í tölvutæku formi (Moodle). Ýmsar hönnunar-, textíl- og búningasögubækur af bókasafni VMA.


Æskilegt er að nemendur hafi aðgang að, eða kaupi sér bækurnar Tíska (e. Gertrud Lehnert, Háskólaútgáfan: 2000) og Hönnun. (e. Thomas Hauffe, Háskólaútgáfan:1999). Símar: velkomnir til náms en annars geymdir í símakassa í kennslustundum.

Verkefni:

Nemendur vinna alls þrjú hóp og/eða einstaklingsverkefni á önninni auk dagbókar sem unnin er jafnt og þétt yfir önnina. **Skilaverkefni skulu sótt á sýnidegi prófa.**

Áætlun um yfirferð:

Tímabil	Textílsagan – 33%, ca 9 vikur, á föstudögum	
Vika 34-42	Í upphafi er farið yfir helstu hugtök sem nauðsynlegt er að nemendur kunni skil á s.s. körfugerð, vefnaður, myndvefnaður, þrjón, útsaumur, þrykk og frjáls textíll. Byrjað á textílsögu forn Egyptalands og síðan stiklað á stóru í sögu og þróun textílsins fram á okkar daga. Textíllinn sem myndlistarmiðill skoðaður – upphaf og endir ?	Hóp- eða einstaklingsverkefni Textílsagan Vægi: 20% skil ca. 30. okt.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	Textíl og búningasaga TLB 102 Námsáætlun haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

	Listiðnaðar og hönnunarsagan – 33%, ca 9 vikur á mánudögum	
Vika 35-43	Saga byggingarlistarinnar eða arkitektúrs skoðuð frá forn Egyptum fram á okkar daga. Fjallað verður um byggingar, húsmuni og aðra nytjahluti og skoðað hvað hefur helst áhrif á hönnun og útlit þessara hluta. Skoðuð verða hugtök eins og iðnbyltingin, listiðnaðarfélög, listiðnaðarfyrirtæki, listiðnaðarskólar, heimssýningar, Shakers, Art Nouveau, De Stijl, Bauhaus, Art Deco, straumlína, nytjastefna og naumhyggja. Reynt verður að skoða hönnunarsöguna á Íslandi á 20. og 21. öldinni eins og tíminn leyfir.	Hóp- eða einstaklingsverkefni Hönnunarsagan Vægi: 20% skil ca.12. okt.
	Búningasagan – 33% , ca 5 vikur á mánud. og föstud.	
Vika 44-49	Búningasagan rakin frá upphafi og fram á okkar daga. Farið í gegnum helstu efnisnotkun í fatnaði frá upphafi, jafnt í Evrópu, Afríku, Asíu og Ameríku. Iðnbyltingin og áhrif hennar á efnisnotkun og framleiðsluhætti. Áhrifabættir eins og veðurfar, trúarbrögð og tíska skoðuð í hinum ýmsu menningarsamfélögum eins og tími leyfir. Efnishugtök og heiti skoðuð: Leður, ull, silki, bómull, hör, gerviefni, ofin munsturefni, áþrykkt efni og fl. Textíl- og búningasagan skarast að miklu leiti og verður sérstaklega farið í gegnum þann þátt í bæði fyrstu og annari lotu.	Hópverkefni 2 og einstaklingsritgerð. Hópverkefni: Búningasagan. Vægi: 20% og skil ca. 27. nóv Dagbók/skissubók Skil: ca. 2. des. Vægi: 30%

Námsmat og vægi námsþátta:

Próflaus símats áfangi þar sem vinna nemenda er metin þ.e. þrjú hópverkefni sem gilda 20 % hvert og dagbók sem gildir 30 %. Metin verður þekking og skilningur nemenda á forsendum hönnunar og textíls og einnig verður lagt mat á þátttöku nemenda í umræðum. Nemendur skulu halda dagbók frá upphafi annar til annarloka og geta notað hana bæði sem glósu-, úrklippi- og gagnasöfnunarbók. Ástundun og virkni gildir 10% af einkunn.

Með fyrirvara um breytingar.

Gangi ykkur vel

Halldóra og Helga

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils